

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 892 10. desember 1999.

1. gr.

3. gr. liður 3.10, sbr. reglugerð nr. 534 26. júní 2001, orðast svo:
3.10 Verð fyrir hvern leik (röð) í Lottó 5/38 er kr. 75, Jóker kr. 200, og í Víkingalottói kr. 35. Aðeins er unnt að gerast þátttakandi hjá söluaðilum Íslenskrar getspár eða með rafrænum hætti, sbr. lið 3.1.

2. gr.

5. gr. liður 5.5.2, sbr. reglugerð nr. 126 6. febrúar 2001, orðast svo:

5.5.2 Jóker:

Vinningar ráðast af því hve margar útdregnar tölur þátttakandi fær miðað við rétta röð útdreginna talna þannig að,
fyrir 5 tölur réttar greiðast kr. 2.000.000
fyrir 4 fyrstu og 4 síðustu tölur réttar greiðast kr. 100.000
fyrir 3 fyrstu og 3 síðustu tölur réttar greiðast kr. 10.000
fyrir 2 fyrstu og 2 síðustu tölur réttar greiðast kr. 1.000

3. gr.

6. gr. Tölfræðilegar vinningslíkur Jóker verða svohljóðandi:

Jóker:

Fimm réttar rölur 1:100.000

Fjórar réttar tölur 1:5.556

Þrjár réttar rölur 1:556

Tvær réttar tölur 1:56

Heildarupphæð vinninga er 46% að meðaltali.

4. gr.

- Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26 2. maí 1986, sbr. lög nr. 126 16. desember 2003, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. júní 2004.

Björn Bjarnason.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, dvalarheimilið Hlíð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að hluti iðnaðarsvæðis, lóðar Norðurorku, við gatnamót Þórunnarstrætis og Mímisbrautar er breytt í stofnanasvæði sem leggst við lóð dvalarheimilisins Hlíðar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 15. júní 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 238, 4. apríl 2003, um eldi nytjastofna sjávar með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. bætist eftirfarandi málslíður:

V. kafli reglugerðarinnar gildir þó um slátrun alls eldisfisks.

2. gr.

4. mgr. 3. gr. orðist svo:

Fiskistofu er heimilt að óska eftir frekari gögnum en hér eru tilgreind, s.s. upplýsingum um stofn kynbættis og/eða erfðabreyttis eldisfisks. Ef fiskur af viðkomandi tegund eða stofni hefur ekki verið í eldi áður í stöðinni skal leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar sérstaklega um það hvort skaðleg erfðablöndun við staðbundna stofna geti átt sér stað. Telji Hafrannsóknastofnunin slíka hættu fyrir hendi ber Fiskistofu að hafna umsókn um rekstrarleyfi á þeim grundvelli.

Ný 5. mgr. 3. gr. orðist svo:

Fiskistofu er jafnframt heimilt að veita sérstök bráðabirgðaleyfi til geymslu á fönguðum fiski í kvíum sem síðar yrði fluttur í eldisstöð, enda þótt ofangreindum skilyrðum sé ekki fullnægt.

3. gr.

Eftirfarandi málsgreinar bætast við 17. gr.:

Óheimilt er að losa eldisfisk af flutningatæki í sjókvíar eða aðrar geymslueiningar í sjó nema um sé að ræða flutning í eldisstöð sem hlotið hefur rekstrarleyfi Fiskistofu samkvæmt 3. gr. laga nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar með síðari breytingum.

Þá er óheimilt að draga sjókvíar með eldisfiski út fyrir starfssvæði eldisstöðvar.

4. gr.

Á eftir 17. gr. bætist við ný grein 17. gr. a:

17. gr. a

Óheimilt er að geyma eldisfisk í sjókvíum eða öðrum geymslueiningum í sjó sem ekki eru hluti af eldisstöð samkvæmt 3. gr. laga nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar með síðari breytingum.